



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum (ættleiðendur). Þingskjal 1164, 692. mál, 151. löggjafarþing.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum (ættleiðendur)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál.

Samtökin styðja lagabreytingatillöguna sem í ofangreindu frumvarpi birtist, að því gefnu að heimildin sem verður til ef frumvarpið verður að lögum, sé nýtt í fullu samráði við barnið sjálft og að það sé haft með í ráðum, í samræmi við rétt barna til að hafa áhrif á ákvarðanir sem þau varða, sbr. 12. grein Barnasáttmálans, sbr. 6. grein laga um ættleiðingar, nr. 130/1999.

Enn fremur minna samtökin á að mikilvægt er að taka allar ákvarðanir um börn með það sem þeim er fyrir bestu að leiðarljósi og það kallar á að mat fari fram á því hvaða áhrif ákvarðanir kunna að hafa á líf barna. Að mati loknu ber að velja þann kost sem metinn er bestur fyrir barnið, í samræmi við heildarhagsmuni þess og vilja barns. Með þetta í huga vilja Barnaheill hvetja þingmenn til að bæta við greinargerðina með frumvarpinu umfjöllun um áhrif þessara fyrirhuguðu lagabreytinga á börn.

Barnaheill leggja áherslu á rétt barns til að vera ekki mismunað og til að njóta jafnra tækifæra á við önnur börn, sem og rétt barna til að hafa áhrif á ákvarðanir sem þau varða. Samtökin hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.



# Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmára 1, 202 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.6509142520 • sími 458-2000

Nefndarsvið Alþingis  
nefndarsvid@althingi.is

Kópavogi, 2. júní 2021  
Þingskjal 1164 — 692. mál.

## Umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 með síðari breytingum, 692. mál.

### Almennt:

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu fjallar um erindi vegna ættleiðinga á landsvísu. Langtum flest erindi sem til meðferðar eru varða stjúptættleiðingar og þá fyrst og fremst stjúptættleiðingar fullorðinna. Sýslumaður hefur orðið var við eftirspurn eftir heimild fyrir einstakling til að ættleiða stjúpbarn sitt þrátt fyrir að hafa slitið sambúð eða hjónabandi við foreldri barnsins eða þegar svo háttar til að stjúpforeldri hefur verið í hjónabandi eða sambúð með foreldri barns en foreldrið er látið. Í dag er ekki til staðar lagaheimild til að heimila stjúptættleiðingar í fyrrgreindum tilfellum þar sem skilyrði 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 238/2005 um ættleiðingar er ekki uppfyllt, en skv. ákvæðinu þarf umsækjandi að hafa verið í samfelldri sambúð með foreldri/kjörforeldri barns í a.m.k. fimm ár þegar umsókn um ættleiðingu berst sýslumanni. Það gefur augaleið að skilyrðið er ekki uppfyllt þegar foreldri er fallið frá eða þegar stjúpforeldri og foreldri hafa slitið sambúð/hjónabandi. Í einstaka tilfella, þar sem aðstæður eru með þessum hætti, hafa stjúpforeldri og sá sem óskað er eftir að ættleiða þrátt fyrir þetta sammælt um að stjúpforeldri ættleiði stjúpbarn, en þá sem einstaklingur á grundvelli 4. mgr. 2. gr. ættleiðingarlaga, sem hefur í för með sér að lagatengsl rofna við báða kynforeldra þess ættleidda. Hefur þetta einna helst verið gert þegar foreldri er látið.

Sýslumaður telur að eðlilegt geti verið að heimila stjúptættleiðingar í tilfellum sem þessum séu önnur skilyrði uppfyllt. Talið er að þetta gæti einna helst átt við um ættleiðingar á lögráða einstaklingum en síður á börnum undir 18 ára aldri. Ef sá sem óskað er eftir að ættleiða er undir 18 ára aldri og e.t.v. stutt liðið frá skilnaði/andláti er mögulega ekki komin reynsla á það hvort samband haldist óbreytt. Einnig er það undantekning að ættleiðing á barni undir 18 ára sé heimiluð nema samþykki kynforeldris liggja fyrir. Í Danmörku má heimila fyrrverandi stjúpforeldri að ættleiða stjúpbarn. Ef sambandi foreldris og stjúpforeldris lýkur með skilnaði er þetta eingöngu heimilt þar ef sá sem óskað er eftir að ættleiða er orðinn lögráða. Í þeim tilvikum sem hjúskap lýkur við andlát foreldris er lögræði hins vegar ekki krafa í Danmörku. Sambærileg heimild er til staðar í norskum ættleiðingarlögum en ekki er ljóst hvort gerð sé krafa um að sá sem ættleiða á sé orðinn lögráða.

### 1. grein:

*Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:*

*a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir hafi einstaklingur verið í hjúskap eða óvígðri sambúð en slitið samvistum við hinn enda hafi hjúskapur eða óvígð*



## Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

sambúð varað í a.m.k. fimm ár.

b. Á eftir orðunum „ef hitt er“ í 3. mgr. kemur: látið.

Eins og fyrr greinir telur sýslumaður eðlilegt að stjúptætleiðingar verði heimilaðar í tilfellum sem þessum. Í ákvæðinu segir að hjúskapur eða sambúð þurfi að hafa varað í a.m.k. fimm ár en eðlilegt þykir að gera kröfu um að hjúskapur eða sambúð hafi varað í a.m.k. fimm ár þegar sá sem ættleiða á var á barnsaldri, í samræmi við umsagnir Ættleiðingarnefndar. Ættleiðingarnefnd starfar á grundvelli 17. gr. laganna en skv. 3. mgr. 16. gr. getur sýslumaður leitað umsagnar hennar ef ástæða þykir til. Ættleiðingarnefnd hefur í umsögnum sínum kveðið að einungis eigi að heimila stjúptætleiðingu ef umsækjandi hefur í a.m.k. fimm ár tekið virkan þátt í uppeldi þess sem óskað er eftir að ættleiða meðan viðkomandi var á barnsaldri, nema alveg sérstakar ástæður mæli með ættleiðingu. Í hugtakinu stjúptætleiðing felist að umsækjandinn hafi gegnt foreldrahlutverki gagnvart barni því sem óskað er eftir að ættleiða og tekið þátt í uppeldi þess, eða m.ö.o. verið stjúpforeldri. Í framkvæmd hefur sýslumaður undanfarin ár lagt umsagnir Ættleiðingarnefndar til grundvallar þegar kemur að stjúptætleiðingum og ljóst er að sömu kröfur yrðu gerðar í málum þar sem stjúpforeldri og foreldri hafa slitið/hjúskap eða foreldri fallið frá.

Í samræmi við ofangreint er e.t.v. ástæða til að tilgreina kröfu um að umsækjandi hafi í a.m.k. fimm ár tekið virkan þátt í uppeldi þess sem óskað er eftir að ættleiða meðan viðkomandi var á barnsaldri almennt í ákvæði 2. mgr. 2. gr. ættleiðingalaga, í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið hjá sýslumanni.

Þá þykir sýslumanni tilefni til að benda á að e.t.v. væri skýrara, í staðinn fyrir að skipta heimildinni í a og b lið sem bætt er við annars vegar 2. mgr. og hins vegar 3. málsgrein ákvæðis 2. gr., að heimildin yrði öll sett fram sem nýr málslíður við 2. mgr. 2. gr., sem er ákvæði laganna er fjallar um stjúptætleiðingar. Ekki er talið skýrt að ákvæði 3. mgr. 2. gr. eigi sérstaklega við um stjúptætleiðingar, enda er þar ekki vísað til þess að öðru hjóna sé heimilt að ættleiða barn hins. Nýr málslíður við 2. mgr. 2. gr. gæti verið eitthvað á þessa leið:

*„Sama gildir hafi einstaklingur verið í hjúskap eða óvígðri sambúð með foreldri barns en hjúskap eða óvígðri sambúð hefur lokið með skilnaði, sambúðarslitum eða andláti. Skilyrði er að hjúskapur eða óvígð sambúð hafi varað í a.m.k. fimm ár.“*

Ef lögfesta ætti þá verklagsreglu sem sýslumaður hefur lagt til grundvallar undanfarin ár varðandi stjúptætleiðingar með vísan til umsagna Ættleiðingarnefndar og vísað var til hér að ofan gæti 2. mgr. 2. gr. hljómað eitthvað á þessa leið:

*„Öðru hjóna eða einstaklingi í óvígðri sambúð má þó með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn, enda hafi það í a.m.k. fimm ár tekið virkan þátt í uppeldi barnsins þegar það var á barnsaldri, nema alveg sérstakar ástæður mæli með ættleiðingu. Sama gildir hafi einstaklingur verið í hjúskap eða óvígðri sambúð með foreldri barns en hjúskap eða óvígðri sambúð hefur lokið með skilnaði, sambúðarslitum eða andláti.“*

Að lokum þykir sýslumanni rétt að benda á að í 2. gr. ættleiðingarlaga er fjallað um hverjir geta verið ættleiðendur. Í 1. mgr. ákvæðisins segir *“Hjón eða einstaklingar sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu standa saman að ættleiðingu, enda þeim einum heimilt að ættleiða saman með þeim frávikum sem í grein þessari getur.”* Samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins er svo heimilt að veita einhleypum manni leyfi til að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta. Í samræmi við framangreind ákvæði hefur verið gengið út frá því að sé einstaklingur í hjónabandi sé honum ekki heimilt að ættleiða sem



## Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

einstaklingur, þ.e. að einstaklingur geti aðeins ættleitt sem slíkur sé hann í raun og veru einhleypur. Ástæða þykir að benda á þetta þar sem upp gætu komið aðstæður þar sem stjúpfórelldri og fórelldri þess sem ættleiða á hafa slitið hjúskap/sambúð en stjúpfórelldrið er e.t.v. komið í hjúskap/sambúð með nýjum aðila. Þá er stjúpfórelldrið ekki lengur einhleyppt og ætti því ekki að geta staðið eitt að ættleiðingu, sbr. framangreind ákvæði 2. gr. ættleiðingarlaga.

### 2. grein:

*“Nú ættleiðir einstaklingur barn eða kjörbarn maka eða sambúðarmaka en samvistum hefur verið slitið eða maki eða sambúðarmaki hefur fallið frá og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það eigið barn þessara einstaklinga.”*

Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við ákvæði 2. gr. aðrar en þær að orðalag þykir sérkennilegt, þ.e. að talað sé um að einstaklingur ættleiði barn maka. Orðalagið getur gefið til kynna að hjónabandi eða sambúð hafi verið slitið eftir ættleiðingu. Mögulega væri réttara að orða ákvæðið eitthvað í þessa átt:

*„ Nú ættleiðir einstaklingur barn fyrrverandi maka eða sambúðarmaka eða barn látins maka eða sambúðarmaka og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það eigið barn þessara tveggja einstaklinga.“*

Virðingarfyllst  
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Fjölskyldusvið  
  
Kristín Helga Hauksdóttir, fulltrúi



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 3. júní 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðendur, nr. 130/1999, með síðari breytingum (ættleiðendur), 692. mál.**

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. maí sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um ættleiðingar sem fela í sér að einstaklingur sem hefur verið í sambúð eða hjúskap við foreldri barns en síðar slitið samvistum við það geti óskað eftir að ættleiða barnið án þess að lagatengsl rofni við hitt foreldrið. Þá er í frumvarpinu einnig lögð til heimild til að ættleiða barn eða kjörbarn einstaklings sem fallið hefur frá.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið þess sé að tryggja að umsækjandi um ættleiðingu sem alið hefur upp barn geti fengið leyfi til þess að ættleiða það, þrátt fyrir að hafa slitið sambúð eða hjónabandi við foreldri barns.

Að mati umboðsmanns barna væri samþykkt frumvarpsins mikið framfaraskref þar sem ættleiðing stjúpforeldris yrði ekki lengur háð því að viðkomandi væri í sambúð eða hjúskap með foreldri barns. Ljóst er að tengsl sem barn hefur myndað við aðila sem gengið hefur því í foreldrastað, rofna ekki sjálfkrafa við slit á sambúð eða hjúskap foreldris við þann aðila. Þá eiga börn rétt á því að mynda, viðhalda og rækta tengsl við þá aðila sem þau líta á sem foreldri sitt, óháð því hvort um blóðtengsl sé að ræða.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins getur tilgangur slíkrar ættleiðingar einnig verið sá að tryggja börnum sem hafa alist upp í sömu fjölskyldu, sömu réttindi, eins og til dæmis erfðarétt.

Þá ber þess að geta að í skýrslu sem unnin var fyrir innanríkisráðuneytið árið 2011, af Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands um fjölskyldumálefni, undir heitinu Ættleiðingar á Íslandi – í þágu hagsmuna barns, er sett fram tillaga um að opna fyrir stjúpættleiðingar af hálfu

stjúpforeldris eftir skilnað, sambúðarslit eða andlát foreldris með sambærilegum hætti og heimilt er í Danmörku, eins og frumvarpið leggur til.

Samkvæmt 21. gr. Barnasáttmálans, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, skulu aðildarríki sáttmálans tryggja að við ákvarðanir um ættleiðingu sé fyrst og fremst sé litið til þess sem barni er fyrir bestu. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem hefur eftirlit með framkvæmd Barnasáttmálans og veitir jafnframt leiðbeiningar um túlkun hans, hefur sett fram leiðbeiningar um hvernig á að framfylgja meginreglu sáttmálans um bestu hagsmuni barns (e. General comment No. 14 (2013) *on the right of the child to have his or her best interests taken as a primary consideration*). Þar áréttar nefndin að í grein sáttmálans um ættleiðingar, sé rík áhersla lögð á bestu hagsmuni barns, þar sem að greinin kveður á um að ekki aðeins eigi það sem er barni fyrir bestu að hafa forgang (e. *primary consideration*) heldur sé gengið lengra í orðalagi greinarinnar og kveðið á um að fyrst og fremst skuli líta til þess sem er barni fyrir bestu (e. *paramount consideration*).

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat umboðsmanns barna að framangreint frumvarp sé til þess fallið að uppfylla skilyrði Barnasáttmálans um ættleiðingar sem byggja á bestu hagsmunum barns, að því gefnu að til staðar séu þau tengsl barns og fyrrverandi stjúpforeldris, sem báðir aðilar eru sammála um að rækta, viðhalda og formgera með ættleiðingu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna